# KJARASAMNINGUR

SAMTAKA FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU (SFV)
f.h. Dalbæjar, Dalvík

OG

KJALAR
STÉTTARFÉLAGS STARFSMANNA Í ALMANNAÞJÓNUSTU

SAMKOMULAG UM BREYTINGAR OG FRAMLENGINGU KJARASAMNINGS

GILDISTÍMI:
1. MAÍ 2015 til 31. MARS 2019

E.H.

MB

## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur ........ 3
2. Framlenging gildandi kjarasamninga ........ 3
3. Föst mánaðarlaun ........ 3
4. Lágmarkslaun ........ 3
5. eingreiðslur á samningstímanum ........ 4
6. Persónuuppbót / Desemberuppbót ........ 4
7. Persónuuppbót / orlofsuppbót ........ 4
8. Yfirvinna ........ 4
9. Lágmarkshvíld ........ 5
10. Vaktavinna ........ 5
11. Ferðir og gisting ........ 5
12. Verkfæri og fatnaður ........ 6
13. Fræðslumál ........ 7
14. Samningsforsendur og Atkvæðagreiðsla ........ 9

Bókanir ........ 11
Fylgiskjal I: launatöflur ........ 11
Fylgiskjal III: rammasamkomulag milli aðila Vinnumarkaðar ........ 21



E.H. ΩJB

# Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)
# og
# Kjölur stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu

**gera með sér svofellt samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

## 1. INNGANGUR

Aðilar eru sammála um að vinna samkvæmt þeirri launastefnu sem lagður var grunnur að með rammasamkomulagi milli aðila vinnumarkaðar, sem undirritað var 27. október 2015, sjá fylgiskjal III.

## 2. FRAMLENGING GILDANDI KJARASAMNINGA

Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

## 3. FÖST MÁNAÐARLAUN

**Grein 1.1.1 breytist svo:**

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt launatöflum í fylgiskjali I.

Launatafla I: Gildir frá 1. maí 2015 til 31. maí 2016.
Launatafla II: Gildir frá 1. júní 2016 til 31. maí 2017.
Launatafla III: Gildir frá 1. júní 2017 til 31. maí 2018.
Launatafla IV: Gildir frá 1. júní 2018 til 31. mars 2019.

Mánaðarlaun hækka sem hér segir á samningstímanum:

| | |
|---|---|
| 1. maí 2015 | 25.000 kr. eða að lágmarki 7,7% sbr. meðfylgjandi launatöflu |
| 1. júní 2016 | 15.000 kr. eða að lágmarki 5,5% sbr. meðfylgjandi launatöflu |
| 1. júní 2017 | 2,5% sbr. meðfylgjandi launatöflu |
| | 1,7% vegna jöfnunar á bilum milli launaflokka í launatöflu |
| 1. júní 2018 | 2% sbr. meðfylgjandi launatöflu |

## 4. LÁGMARKSLAUN

**Grein 1.1.1.2 hljóði svo:**

Lágmarkslaun fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sömu stofnun:

Frá 1. maí 2015, kr. 245.000.
Frá 1. júní 2016, kr. 260.000.
Frá 1. júní 2017, kr. 280.000.
Frá 1. júní 2018, kr. 300.000.



E.H. MB

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum fjárhæðum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. mánaðarlaun með persónuálagi, yfirvinna, vaktaálag og aðrar álags- og aukagreiðslur, sem falla innan ofangreinds vinnutíma.

Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

## 5. EINGREIÐSLUR Á SAMNINGSTÍMANUM

**Grein 1.1.4.1 hljóði svo:**

Sérstök eingreiðsla, kr. 42.500, greiðist þann 1. febrúar 2019 hverjum starfsmanni miðað við fullt starf sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember.

## 6. RÖÐUN Í LAUNAFLOKKA

Grein 1.2.1

Viðbætist nýtt starfsheiti - félagsliði í launaflokk 130

## 7. PERSÓNUUPPBÓT / DESEMBERUPPBÓT

**Grein 1.6.1 breytist svo:**

Persónuuppbót / desemberuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015 kr. 100.700.
Á árinu 2016 kr. 106.250.
Á árinu 2017 kr. 110.750.
Á árinu 2018 kr. 113.000.

Að öðru leyti er greinin óbreytt.

## 8. PERSÓNUUPPBÓT / ORLOFSUPPBÓT

**Grein 1.7.1 breytist svo:**

Persónuuppbót / orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2016 kr. 44.500.
Á árinu 2017 kr. 46.500.
Á árinu 2018 kr. 48.000.

Að öðru leyti er greinin óbreytt.

## 9. YFIRVINNA

**Grein 2.3.3 breytist svo:**

Við gr. 2.3.3 bætist fyrirsögnin „Útkall". Að öðru leyti er greinin óbreytt.

**Grein 2.3.4 hljóði svo:**



EH AB

Hafi starfsmaður skv. lögum eða ráðningarsamningi skemmri vikulega vinnuskyldu en gert er ráð fyrir í gr. 2.1.1 skal vinna umfram hana greidd sem segir í greinum 2.3.5 og 2.3.6.

**Grein 2.3.6 hljóði svo:**

Samfelld reglubundin vinna einn mánuð eða lengur innan dagvinnumarka, allt að fullri vinnuskyldu greiðist sem reiknað hlutfall af mánaðarlaunum, enda hafi náðst samkomulag við starfsmann áður en sú vinna hófst.

## 10. LÁGMARKSHVÍLD

**Grein 2.4.1:**

Við grein 2.4.1 bætist:

Fylgiskjal: Samningur ASÍ, BHM, BSRB og KÍ um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma 23.01.1997 er hægt að nálgast á heimasíðu Kjalar www.kjolur.is.

**Grein 2.4.5.7 hljóði svo:**

Frítaka. Frítökuréttur skal veittur í samráði við starfsmann enda sé uppsafnaður frítökuréttur a.m.k. fjórar stundir og skal frítaka ekki veitt í styttri lotum en það. Leitast skal við að veita frí svo fljótt sem auðið er, með reglubundnum hætti, þó innan 12 mánaða frá því að frítökuréttur myndast til að koma í veg fyrir að frí safnist upp.

## 11. VAKTAVINNA

**Grein 2.6.2 hljóði svo:**

Þar sem unnið er á reglubundnum vinnuvöktum skal leggja fram drög að vaktskrá sex vikum áður en hún tekur gildi. Við gerð vaktskrár skal kappkostað að uppsöfnun vinnutíma sé takmörkuð eins og frekast er unnt. Starfsmenn fá í framhaldinu einnar viku svigrúm til að gera athugasemdir og óska eftir breytingum á fyrirliggjandi drögum að vaktskrá.

Endanleg vaktskrá skal lögð fram mánuði áður en fyrsta „vakt" samkvæmt skránni hefst, nema samkomulag sé við starfsmann um skemmri frest.

Sé vaktskrá breytt með skemmri en 24 klst. (sólarhrings) fyrirvara skal greiða aukalega 3 klst. í yfirvinnu og innan 168 klst. (vika) skal greiða aukalega 2 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

Taki starfsmaður vakt umfram vinnuskyldu að beiðni yfirmanns, með minna en 24 klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00-24:00 á föstudögum, kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og á sérstökum frídögum, sbr. gr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst. vakt, skal greiða 2 klst. í yfirvinnu og hlutfallslega fyrir lengri eða styttri vaktir.

## 12. FERÐIR OG GISTING

**Grein 5.7.7.1 breytist svo:**

Sé stofnunin staðsett í a.m.k. 5 km utan ytri marka næsta þéttbýlis skal semja við viðkomandi stéttarfélög um greiðslu ferðakostnaðar og ferðatíma starfsmanna sem ekki búa á staðnum.

Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Kjölur stéttarfélag

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)

E.H.

MB

**Ný grein 5.9 hljóði svo:**

**5.9 ÓFÆRÐ**

5.9.1 Hamli ófærð á viðkomandi svæði því að starfsmenn komist frá heimili sínu til vinnu og geti sinnt starfi sínu, skulu þeir engu að síður halda föstum launum sínum.

## 13. VERKFÆRI OG FATNAÐUR

**Kafli 8 um verkfæri og fatnað hljóði svo:**

**8.1 VERKFÆRI**

8.1.1 Starfsmenn eru eigi skyldugir að leggja sér til verkfæri nema svo sé sérstaklega um samið.

**8.2 HLÍFÐAR, VINNNU OG EINKENNISFATNAÐUR**

8.2.1 Hlífðarfatnaður, skilgreining:

Starfsmönnum skal lagður til þeim að kostnaðarlausu allar þær persónuhlífar (hlífðarbúnaður), sem krafist er samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda þar um og reglum sem gilda um persónuhlífar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum.

> ***Persónuhlífar** er allur sá búnaður sem starfsmanni er gert að klæðast eða halda á, sér til verndar gegn einni eða fleiri hættum sem stefnt geta öryggi hans og heilsu í voða svo **og allan viðbótar-** eða aukabúnað sem ætlað er að þjóna þessu hlutverki.*

Fatnaðurinn/búnaðurinn er eðli sínu samkvæmt ætlaður til einstaklingsnota. En ef aðstæður krefjast þess að fatnaðurinn/búnaðurinn sé notaður af fleiri en einum manni skal gera viðeigandi ráðstafanir m.a. varðandi hreinlæti o.fl.

Sjá frekar á vef Vinnueftirlits ríkisins:

http://www.vinnueftirlit.is/media/sem-heyra-undir-vinnuvernd/497_1994.pdf

http://www.vinnueftirlit.is/media/sem-heyra-undir-vinnuvernd/501_1994.pdf

8.2.2 Vinnufatnaður, skilgreining:

a. Starfsfólk mötuneyta, sjúkraliðar, heimilishjálp, fólk í heilbrigðisþjónustu og starfsfólk dvalarheimila: Stakkur/jakki, buxur, skyrta eða bolur.

Dalbær getur sett nánari reglur um vinnufatnað í samráði við stéttarfélag vegna þessa liðar.

8.2.3 Reglur um meðferð fatnaðar

Aðilar eru sammála um að eftirfarandi atriði skulu uppfyllt þegar starfsmanni er lagður til fatnaður:

a. Fatnaður sem lagður er til af Dalbæ er eign þess.

b. Vinnufatnaður skal skilmerkilega merktur.

c. Þar sem því verður við komið, skal vinnufatnaður skilinn eftir á vinnustað að loknum vinnudegi.

d. Starfsmenn skulu fara vel og samviskusamlega með vinnu- og hlífðarfatnað.



E.H.

ÁB

e. Dalbær skal sjá um þrif og viðgerðir á öryggis- og hlífðarfatnaði.

f. Er starfsmaður lætur af starfi, skal hann skila síðasta vinnu-, hlífðar og einkennisfatnaði er hann fékk.

g. Sé starfsmanni afhentur vinnufatnaður til eignar (ekki hlífðar- eða öryggisfatnaður) skal hann sjálfur sjá um hreinsun og viðhald hans.

## 14. FRÆÐSLUMÁL

**Kafli 10 um fræðslumál og hljóði svo:**

### 10.1 SÍMENNTUN OG STARFSÞRÓUN

10.1.1 Starfsmenn sem sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið samkvæmt beiðni stofnunar sinnar skulu halda reglubundnum launum á meðan og fá greiddan kostnað samkvæmt ákvæðum 5. kafla.

Ef fræðsla og þjálfun eru sótt samkvæmt símenntunaráætlun að ósk yfirmanns utan dagvinnutímabils skal greidd yfirvinna.

*Falli ferðatími vegna námskeiða utan dagvinnumarka skal Dalbær og starfsmaður ná samkomulagi fyrirfram um hvernig greitt verði fyrir ferðir og ferðatíma. Heimilt er að semja um frítíma í stað greiðslu fyrir ferðatíma.*

10.1.2 Starfsmaður skal eiga rétt á launalausu leyfi, ef honum býðst tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni, m.a. tengdu starfi hans. Slíkt leyfi skal tekið í samráði við yfirmann stofnunar.

10.1.3 Símenntun

Starfsmenn skulu eiga kost á að sækja reglubundna þjálfun, námskeið eða annars konar fræðslu til að viðhalda og auka við þekkingu sína og færni. Gert er ráð fyrir að allar stofnanir og/eða starfseiningar setji fram símenntunaráætlun fyrir starfsmenn sína árlega til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna. Heimilt er forstöðumanni að meta símenntun sem sótt er með stuðningi vísindasjóðs og/eða endurmenntunarsjóðs sem hluta af þátttöku í símenntunaráætlun stofnunar/starfseiningar.

Árlega skal þáttaka starfsmanns í símenntunaráætlun næstliðins árs metin. Starfsmanni ber persónuálag skv. gr. 10.2.3 fyrir þátttöku í áætluninni.

Hafi starfsmaður ekki tekið fullnægjandi þátt í áætluninni missir hann það persónuálag sem hér um ræðir þar til endurmat fer fram að ári, enda hafi vinnuveitandi gert honum kleift að taka þátt í áætluninni.

Samningsaðilar skulu fylgjast með þróun námsframboðs fyrir starfsmenn Dalbæjar.

10.1.4 Starfsþróunarsamtal

Starfsmaður á rétt á starfsþróunarsamtali einu sinni á ári. Starfsmaður getur óskað eftir starfsþróunarsamtali og skal það veitt svo fljótt sem auðið er.

*Í starfsþróunarsamtali er farið yfir starfslýsingu, frammistöðu, markmið og hugsanlegar breytingar á störfum. Þá skulu einnig ræddar þarfir og óskir starfsmanns til þjálfunar og símenntunar og hvernig starfstengt nám geti nýst viðkomandi starfsmanni og vinnustaðnum.*



E.H

MB

## 10.2 PERSÓNUÁLAG

### 10.2.1 Persónuálag vegna starfsþróunarnámskeiða

Starfsmenn sem ljúka starfstengdu námi eða námskeiði a.m.k. 150 klst. sem nýtist í starfi og er sérsniðið að þörfum Dalbæjar, geta að hámarki fengið 2% persónuálag fyrir námið. Skilyrði þess er að námið sé kennt af fræðsluaðilum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Skilyrði er að námið hafi ekki verið metið í starfsmati í viðkomandi starfi og skal hækkunin taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námið.

*Grein 10.2.1 gildir frá 1. janúar 2018.*

### 10.2.2 Persónuálag vegna símenntunar.

Með vísan til greinar 10.2.1 skulu starfsmenn fá persónuálag vegna árlegrar þátttöku í símenntunaráætlun sem hér segir:

- 2% eftir 1 árs starf hjá sveitarfélögum og/eða öðrum sambærilegum störfum.
- Samtals 4% eftir 5 ára starf hjá sveitarfélögum og/eða öðrum sambærilegum störfum.
- Samtals 6% eftir 9 ára starf hjá sveitarfélögum og/eða öðrum sambærilegum störfum.
- Samtals 8% eftir 15 ára starf hjá sveitarfélögum og/eða í öðrum sambærilegum störfum.

Við mat á starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum til persónuálags getur sveitarfélag krafið starfsmann um gögn sem staðfesta þann starfstíma (vinnuveitendavottorð). Hækkun vegna starfstíma kemur til framkvæmda næstu mánaðarmót eftir að fullnægjandi gögn hafa borist vinnuveitanda.

Telst hálfur mánuður og stærri brot úr mánuði sem heill mánuður. Öðrum dögum skal sleppt.

### 10.2.3 Persónuálag vegna menntunar á framhaldsskólastigi

Þeir starfsmenn sem hafa lokapróf á framhaldsskólastigi (2 til 4 ár) skulu fá persónuálag sem nemur 4% enda tengist námið starfi viðkomandi og hann hafi ekki notið hækkunar vegna þessarar menntunar sinnar skv. ákvæðum kjarasamningsins. Framangreint gildir ekki þar sem gerð er krafa um tiltekna framhalds- eða háskólamenntun í viðkomandi starf. Iðnaðarmenn sem lokið hafa meistara- og löggildingarnámi fá 4% þar sem ekki er gerð krafa um þá menntun til starfsins.

*Stúdentspróf er jafngilt til mats í hvaða starfi sem er.*

Hækkun samkvæmt grein þessari skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námið.

### 10.2.4 Persónuálag vegna menntunar á háskólastigi



E.H.

ÞJB

Starfsmaður sem er í starfi þar sem krafist er háskólamenntunar ávinnur sér ekki persónuálag samkvæmt gr. 10.3 og 10.4, enda tekið tillit til menntunar hans við röðun starfsins í starfsmati.

10.2.5 Ljúki starfsmaður viðurkenndu diplómanámi á háskólastigi hækkar persónuálag hans um 4% enda sé námið að lágmarki 60 ECTS einingar og tengist starfi hans.

Hækkun skv. þessari grein á þó einungis við þegar námið er ekki metið í starfsmati eða leiðir til þess að starfsmaður flyst í annað starf.

Hækkun samkvæmt grein þessari getur mest orðið 4% og skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námið. Einingar eru aldrei tvítaldar.

10.2.6 Ljúki starfsmaður framhaldsnámi til annarrar háskólagráðu til viðbótar fyrstu háskólagráðu, sem tengist starfi hans, hækkar persónuálag hans um 8%.

Hækkun skv. þessari grein á þó einungis við þegar námið er ekki metið í starfsmati eða leiðir til þess að starfsmaður flyst í annað starf.

Hækkun samkvæmt grein þessari getur mest orðið 8% og skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námið. Einingar eru aldrei tvítaldar.

### 10.3. LAUNAÐ NÁMSLEYFI

**Við grein 10.3.1 hljóði svo:**

10.3.1 Heimilt er að veita starfsmanni, sem starfað hefur skv. þessum samningi samfellt í 3 ár, launað leyfi í samtals tvo mánuði til þess að stunda viðurkennt nám sem veitir ákveðin starfsréttindi.

Dalbær getur sett nánari reglur um veitingu launaðra námsleyfa sem samræmast símenntunaráætlunum stofnunarinnar.

Laun í námsleyfi miðist við föst laun, vaktaálag og meðaltal starfshlutfalls síðustu 3 ár samkvæmt ráðningarsamningi viðkomandi starfsmanns.

### 10.4. LÖGBUNDIN STARFSRÉTTINDI

10.4.1 Próf sem lögum samkvæmt veita starfsmönnum sömu starfsréttindi eru jafngild án tillits til þess á hvaða tíma þau hafa verið tekin.

## 15. SAMNINGSFORSENDUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLA

Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningnum skulu BSRB og Samband íslenskra sveitarfélaga taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart þessum samningi aðildarfélaga BSRB.

Komi til þess að samningum á almennum vinnumakaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót.

Ef ný forsenduákvæði verða tekin upp sbr. lið 2, c og d, í rammasamningi milli aðila vinnumarkaðarins þá munu þau forsenduákvæði koma í stað framangreindra ákvæða.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 20. febrúar 2016. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 20. febrúar 2016 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 8. febrúar 2016

F.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, fyrirvara um samþykki stjórnar

F.h. Kjalar stéttarfélags með fyrirvara um með samþykki félagsmanna

# BÓKANIR

**Bókun 1**

Samningsaðilar eru sammála um að horfa til þeirra vinnu sem fara mun fram á grundvelli bókanna nr. 1,2,4,5 og 6 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Kjalar og fleirri, dagsett 20. nóvember 2015.

Um er að ræða eftirfarandi bókanir í þeim kjarasamningi.

***BÓKUN 1 [2015]***
***Endurskoðun á vinnutimakafla kjarasamninga***

*Aðilar eru sammála um að taka þátt í samstarfi um grunnendurskoðun á 2. kafla kjarasamninga, um vinnutíma. Meginmarkmið breytinganna er að stuðla að bættu skipulagi vinnutíma og auka sveigjanleika sem þjóni bæði hagsmunum starfsmanna og vinnuveitenda.*

*Endurskoðun leiði ekki til kjararýrnunar að öðru jöfnu.*

*Þegar tillögur liggja fyrir verður tekin ákvörðun um hvort breytingar á kaflanum séu þess eðlis að greiða skuli atkvæði um þær.*

***BÓKUN 2 [2015]***
***Endurskoðun á veikindakafla kjarasamninga***

*Aðilar eru sammála um að taka þátt í samstarfi þeirra aðila sem undirrituðu þann 24. október 2000, samkomulag um tiltekin réttindi starfsmanna, þar á meðal vegna veikinda og slysa. Tekið verði þátt í starfi nefndar sem falið verður að endurskoða í heild 12. kafla kjarasamninga aðila.*

***BÓKUN 4 [2015]***
***Um starfsþróunarnefnd aðlöguð að þessum samningi.***

*Samningsaðilar eru sammála um gerast aðilar að niðurstöðu nefndar sem um getur í bókunni þar sem BSRB og SNS munu skipa sameiginlega starfsþróunarnefnd, sem starfar út samningstímabilið. Sem hefur það hlutverk meðal annars að:*

- *Að vera sameignlegur vettvangur samningsaðila til eflingar tækifæra starfsmanna sveitarfélaga til framhaldsfræðslu.*
- *Að vinna að nánari útfærslu á 10. kafla kjarasamninga aðila þannig að hann taki til fjölbreytts skilgreinds starfstengds náms og námskeiða á vegum fræðsluaðila, sem hafa hlotið viðurkenningu samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 eða lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.*
- *Að stuðla að þróun og framboði námsleiða sem sérsniðnar eru að þörfum sveitarfélaga*
- *Að fylgjast með þróun raunfærnimats.*
- *Að fylgjast með þróun vinnu við flokkun náms/starfa á hæfnisþrep samkvæmt námskrá á öllum skólastigum.*

*Nefndin skal skila áfangaskýrslu í ársbyrjun 2017 og lokaskýrslu við lok samningstíma.*

Kjölur stéttarfélag

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)

E.H.

AJB

**BÓKUN 5 [2015]**
**Trúnaðarmenn**

*Aðilar eru sammála um að kanna hvernig ákvæðum um rétt trúnaðarmanna til að sækja trúnaðarmannanámskeið án skerðingar á reglubundnum launum í allt að eina viku á ári er framkvæmd hjá þeim stofnunum ríkisins þar sem vaktavinna er ríkjandi vinnufyrirkomulag. Markmiðið er að auka samræmi við framkvæmd ákvæðisins milli ríkis og sveitarfélaga. Niðurstaða könnunarinnar skal liggja fyrir í lok febrúar 2016.*

**BÓKUN 6 [2015]**
**Vaktavinna**

*Aðilar eru sammála um að skipaður verði starfshópur sem kanni fyrirkomulag og framkvæmd á vaktavinnukafla kjarasamningi. Sérstaklega verði horft til framkvæmdar á styttri vöktum sem hafa þau áhrif að mætingar fólks til vinnu eru tíðari en starfshlutfall þeirra segir til um.*

*Jafnframt verði starfshópnum falið að skoða framkvæmd og uppsetningu á vakta- og vinnustundakerfum og komi sér saman um reglur um notkun á slíkum tölvukerfum. Starfshópurinn á að skila af sér eigi síðar en 1. maí 2016.*

Kjölur stéttarfélag

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)

Fylgiskjal I: launatöflur

Launatafla I, gildistími: 1. maí 2015 til 31. maí 2016
Launatafla II, gildistími: 1. júní 2016 til 31. maí 2017
Launatafla III, gildistími: 1. júní 2017 til 31. maí 2018
Launatafla IV, gildistími: 1. júní 2018 til 31. mars 2019

## Launatafla I

**Gildir frá 1. maí 2015 til 31. maí 2016**

| L.fl. | Grunn-laun | Persónu-álag 2% | Persónu-álag 4% | Persónu-álag 6% | Persónu-álag 8% | Persónu-álag 10% | Persónu-álag 12% | Persónu-álag 14% | Persónu-álag 16% |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 115 | 254.549 | 259.640 | 264.731 | 269.822 | 274.913 | 280.004 | 285.095 | 290.186 | 295.277 |
| 116 | 257.074 | 262.215 | 267.357 | 272.498 | 277.640 | 282.781 | 287.923 | 293.064 | 298.206 |
| 117 | 259.627 | 264.820 | 270.012 | 275.205 | 280.397 | 285.590 | 290.782 | 295.975 | 301.167 |
| 118 | 262.208 | 267.452 | 272.696 | 277.940 | 283.185 | 288.429 | 293.673 | 298.917 | 304.161 |
| 119 | 264.817 | 270.113 | 275.410 | 280.706 | 286.002 | 291.299 | 296.595 | 301.891 | 307.188 |
| 120 | 267.455 | 272.804 | 278.153 | 283.502 | 288.851 | 294.201 | 299.550 | 304.899 | 310.248 |
| 121 | 270.122 | 275.524 | 280.927 | 286.329 | 291.732 | 297.134 | 302.537 | 307.939 | 313.342 |
| 122 | 272.818 | 278.274 | 283.731 | 289.187 | 294.643 | 300.100 | 305.556 | 311.013 | 316.469 |
| 123 | 275.544 | 281.055 | 286.566 | 292.077 | 297.588 | 303.098 | 308.609 | 314.120 | 319.631 |
| 124 | 278.300 | 283.866 | 289.432 | 294.998 | 300.564 | 306.130 | 311.696 | 317.262 | 322.828 |
| 125 | 281.086 | 286.708 | 292.329 | 297.951 | 303.573 | 309.195 | 314.816 | 320.438 | 326.060 |
| 126 | 283.903 | 289.581 | 295.259 | 300.937 | 306.615 | 312.293 | 317.971 | 323.649 | 329.327 |
| 127 | 286.751 | 292.486 | 298.221 | 303.956 | 309.691 | 315.426 | 321.161 | 326.896 | 332.631 |
| 128 | 289.630 | 295.423 | 301.215 | 307.008 | 312.800 | 318.593 | 324.386 | 330.178 | 335.971 |
| 129 | 292.541 | 298.392 | 304.243 | 310.093 | 315.944 | 321.795 | 327.646 | 333.497 | 339.348 |
| 130 | 295.484 | 301.394 | 307.303 | 313.213 | 319.123 | 325.032 | 330.942 | 336.852 | 342.761 |
| 131 | 298.459 | 304.428 | 310.397 | 316.367 | 322.336 | 328.305 | 334.274 | 340.243 | 346.212 |
| 132 | 301.467 | 307.496 | 313.526 | 319.555 | 325.584 | 331.614 | 337.643 | 343.672 | 349.702 |
| 133 | 304.508 | 310.598 | 316.688 | 322.778 | 328.869 | 334.959 | 341.049 | 347.139 | 353.229 |
| 134 | 307.583 | 313.735 | 319.886 | 326.038 | 332.190 | 338.341 | 344.493 | 350.645 | 356.796 |
| 135 | 310.691 | 316.905 | 323.119 | 329.332 | 335.546 | 341.760 | 347.974 | 354.188 | 360.402 |
| 136 | 313.834 | 320.111 | 326.387 | 332.664 | 338.941 | 345.217 | 351.494 | 357.771 | 364.047 |
| 137 | 317.011 | 323.351 | 329.691 | 336.032 | 342.372 | 348.712 | 355.052 | 361.393 | 367.733 |
| 138 | 320.223 | 326.627 | 333.032 | 339.436 | 345.841 | 352.245 | 358.650 | 365.054 | 371.459 |
| 139 | 323.470 | 329.939 | 336.409 | 342.878 | 349.348 | 355.817 | 362.286 | 368.756 | 375.225 |
| 140 | 326.753 | 333.288 | 339.823 | 346.358 | 352.893 | 359.428 | 365.963 | 372.498 | 379.033 |
| 141 | 330.072 | 336.673 | 343.275 | 349.876 | 356.478 | 363.079 | 369.681 | 376.282 | 382.884 |
| 142 | 333.428 | 340.097 | 346.765 | 353.434 | 360.102 | 366.771 | 373.439 | 380.108 | 386.776 |
| 143 | 336.821 | 343.557 | 350.294 | 357.030 | 363.767 | 370.503 | 377.240 | 383.976 | 390.712 |
| 144 | 340.251 | 347.056 | 353.861 | 360.666 | 367.471 | 374.276 | 381.081 | 387.886 | 394.691 |
| 145 | 343.719 | 350.593 | 357.468 | 364.342 | 371.217 | 378.091 | 384.965 | 391.840 | 398.714 |

Kjölur stéttarfélag

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)

# Launatafla I

**Gildir frá 1. maí 2015 til 31. maí 2016**

| L.fl. | Grunn-laun | Persónu-álag 2% | Persónu-álag 4% | Persónu-álag 6% | Persónu-álag 8% | Persónu-álag 10% | Persónu-álag 12% | Persónu-álag 14% | Persónu-álag 16% |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **146** | 347.225 | 354.170 | 361.114 | 368.059 | 375.003 | 381.948 | 388.892 | 395.837 | 402.781 |
| **147** | 350.853 | 357.870 | 364.887 | 371.904 | 378.921 | 385.938 | 392.955 | 399.972 | 406.989 |
| **148** | 354.712 | 361.806 | 368.900 | 375.995 | 383.089 | 390.183 | 397.277 | 404.372 | 411.466 |
| **149** | 358.614 | 365.786 | 372.959 | 380.131 | 387.303 | 394.475 | 401.648 | 408.820 | 415.992 |
| **150** | 362.559 | 369.810 | 377.061 | 384.313 | 391.564 | 398.815 | 406.066 | 413.317 | 420.568 |
| **151** | 366.547 | 373.878 | 381.209 | 388.540 | 395.871 | 403.202 | 410.533 | 417.864 | 425.195 |
| **152** | 370.580 | 377.992 | 385.403 | 392.815 | 400.226 | 407.638 | 415.050 | 422.461 | 429.873 |
| **153** | 374.656 | 382.149 | 389.642 | 397.135 | 404.628 | 412.122 | 419.615 | 427.108 | 434.601 |
| **154** | 378.778 | 386.354 | 393.929 | 401.505 | 409.080 | 416.656 | 424.231 | 431.807 | 439.382 |
| **155** | 382.945 | 390.604 | 398.263 | 405.922 | 413.581 | 421.240 | 428.898 | 436.557 | 444.216 |
| **156** | 387.157 | 394.900 | 402.643 | 410.386 | 418.130 | 425.873 | 433.616 | 441.359 | 449.102 |
| **157** | 391.415 | 399.243 | 407.072 | 414.900 | 422.728 | 430.557 | 438.385 | 446.213 | 454.041 |
| **158** | 395.721 | 403.635 | 411.550 | 419.464 | 427.379 | 435.293 | 443.208 | 451.122 | 459.036 |
| **159** | 400.074 | 408.075 | 416.077 | 424.078 | 432.080 | 440.081 | 448.083 | 456.084 | 464.086 |
| **160** | 404.475 | 412.565 | 420.654 | 428.744 | 436.833 | 444.923 | 453.012 | 461.102 | 469.191 |
| **161** | 408.924 | 417.102 | 425.281 | 433.459 | 441.638 | 449.816 | 457.995 | 466.173 | 474.352 |
| **162** | 413.423 | 421.691 | 429.960 | 438.228 | 446.497 | 454.765 | 463.034 | 471.302 | 479.571 |
| **163** | 417.971 | 426.330 | 434.690 | 443.049 | 451.409 | 459.768 | 468.128 | 476.487 | 484.846 |
| **164** | 422.568 | 431.019 | 439.471 | 447.922 | 456.373 | 464.825 | 473.276 | 481.728 | 490.179 |
| **165** | 427.217 | 435.761 | 444.306 | 452.850 | 461.394 | 469.939 | 478.483 | 487.027 | 495.572 |
| **166** | 431.916 | 440.554 | 449.193 | 457.831 | 466.469 | 475.108 | 483.746 | 492.384 | 501.023 |
| **167** | 436.666 | 445.399 | 454.133 | 462.866 | 471.599 | 480.333 | 489.066 | 497.799 | 506.533 |
| **168** | 441.470 | 450.299 | 459.129 | 467.958 | 476.788 | 485.617 | 494.446 | 503.276 | 512.105 |
| **169** | 446.326 | 455.253 | 464.179 | 473.106 | 482.032 | 490.959 | 499.885 | 508.812 | 517.738 |
| **170** | 451.236 | 460.261 | 469.285 | 478.310 | 487.335 | 496.360 | 505.384 | 514.409 | 523.434 |
| **171** | 456.200 | 465.324 | 474.448 | 483.572 | 492.696 | 501.820 | 510.944 | 520.068 | 529.192 |
| **172** | 461.218 | 470.442 | 479.667 | 488.891 | 498.115 | 507.340 | 516.564 | 525.789 | 535.013 |
| **173** | 466.291 | 475.617 | 484.943 | 494.268 | 503.594 | 512.920 | 522.246 | 531.572 | 540.898 |
| **174** | 471.420 | 480.848 | 490.277 | 499.705 | 509.134 | 518.562 | 527.990 | 537.419 | 546.847 |
| **175** | 476.606 | 486.138 | 495.670 | 505.202 | 514.734 | 524.267 | 533.799 | 543.331 | 552.863 |
| **176** | 481.849 | 491.486 | 501.123 | 510.760 | 520.397 | 530.034 | 539.671 | 549.308 | 558.945 |
| **177** | 487.149 | 496.892 | 506.635 | 516.378 | 526.121 | 535.864 | 545.607 | 555.350 | 565.093 |
| **178** | 492.508 | 502.358 | 512.208 | 522.058 | 531.909 | 541.759 | 551.609 | 561.459 | 571.309 |
| **179** | 497.925 | 507.884 | 517.842 | 527.801 | 537.759 | 547.718 | 557.676 | 567.635 | 577.593 |
| **180** | 503.402 | 513.470 | 523.538 | 533.606 | 543.674 | 553.742 | 563.810 | 573.878 | 583.946 |

# Launatafla II

Gildir frá 1. júní 2016 til 31. maí 2017

| L.fl. | Grunn-laun | Persónu-álag 2% | Persónu-álag 4% | Persónu-álag 6% | Persónu-álag 8% | Persónu-álag 10% | Persónu-álag 12% | Persónu-álag 14% | Persónu-álag 16% |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 115 | 269.549 | 274.940 | 280.331 | 285.722 | 291.113 | 296.504 | 301.895 | 307.286 | 312.677 |
| 116 | 272.074 | 277.515 | 282.957 | 288.398 | 293.840 | 299.281 | 304.723 | 310.164 | 315.606 |
| 117 | 274.627 | 280.120 | 285.612 | 291.105 | 296.597 | 302.090 | 307.582 | 313.075 | 318.567 |
| 118 | 277.208 | 282.752 | 288.296 | 293.840 | 299.385 | 304.929 | 310.473 | 316.017 | 321.561 |
| 119 | 279.817 | 285.413 | 291.010 | 296.606 | 302.202 | 307.799 | 313.395 | 318.991 | 324.588 |
| 120 | 282.455 | 288.104 | 293.753 | 299.402 | 305.051 | 310.701 | 316.350 | 321.999 | 327.648 |
| 121 | 285.122 | 290.824 | 296.527 | 302.229 | 307.932 | 313.634 | 319.337 | 325.039 | 330.742 |
| 122 | 287.818 | 293.574 | 299.331 | 305.087 | 310.843 | 316.600 | 322.356 | 328.113 | 333.869 |
| 123 | 290.699 | 296.513 | 302.327 | 308.141 | 313.955 | 319.769 | 325.583 | 331.397 | 337.211 |
| 124 | 293.607 | 299.479 | 305.351 | 311.223 | 317.096 | 322.968 | 328.840 | 334.712 | 340.584 |
| 125 | 296.546 | 302.477 | 308.408 | 314.339 | 320.270 | 326.201 | 332.132 | 338.062 | 343.993 |
| 126 | 299.518 | 305.508 | 311.499 | 317.489 | 323.479 | 329.470 | 335.460 | 341.451 | 347.441 |
| 127 | 302.522 | 308.572 | 314.623 | 320.673 | 326.724 | 332.774 | 338.825 | 344.875 | 350.926 |
| 128 | 305.560 | 311.671 | 317.782 | 323.894 | 330.005 | 336.116 | 342.227 | 348.338 | 354.450 |
| 129 | 308.631 | 314.804 | 320.976 | 327.149 | 333.321 | 339.494 | 345.667 | 351.839 | 358.012 |
| 130 | 311.736 | 317.971 | 324.205 | 330.440 | 336.675 | 342.910 | 349.144 | 355.379 | 361.614 |
| 131 | 314.874 | 321.171 | 327.469 | 333.766 | 340.064 | 346.361 | 352.659 | 358.956 | 365.254 |
| 132 | 318.048 | 324.409 | 330.770 | 337.131 | 343.492 | 349.853 | 356.214 | 362.575 | 368.936 |
| 133 | 321.256 | 327.681 | 334.106 | 340.531 | 346.956 | 353.382 | 359.807 | 366.232 | 372.657 |
| 134 | 324.500 | 330.990 | 337.480 | 343.970 | 350.460 | 356.950 | 363.440 | 369.930 | 376.420 |
| 135 | 327.779 | 334.335 | 340.890 | 347.446 | 354.001 | 360.557 | 367.112 | 373.668 | 380.224 |
| 136 | 331.095 | 337.717 | 344.339 | 350.961 | 357.583 | 364.205 | 370.826 | 377.448 | 384.070 |
